

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Mýrarkots, Grímsnesi.*  
Gert er ráð fyrir að heimila aukið byggingamagn á lóðum, nýtingarhlutfall þeirra má vera 0,3%. Felld er niður krafa um að húsin skuli vera úr timbri.  
Samþykkt í sveitarstjórn 18. janúar 2007.
2. *Deiliskipulag lögbýlanna Stangarlækur I og II, úr landi Þórisstaða, Grímsnesi.*  
Gert er ráð fyrir tveimur lögbýlum, Stangarlæk I og II. Á hvoru býli er gert ráð fyrir byggingareit fyrir íbúðahús allt að 400 m<sup>2</sup> að grunnfleti á tveimur hæðum og fyrir útihús allt að 1.500 m<sup>2</sup> að grunnfleti á einni hæð með kjallara.  
Samþykkt í sveitarstjórn 26. október 2006.
3. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hallkelshóla í Grímsnesi.*  
Gert er ráð fyrir 96 frístundalóðum á um 108 ha svæði. Lóðirnar eru á bilinu 5.042 – 9.933 m<sup>2</sup> að stærð þar sem heimilt verður að reisa 50 – 200 m<sup>2</sup> frístundahús auk allt að 25 m<sup>2</sup> aukahúss.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells I, svæði 1 Grímsnesi.*  
Breytingin felst í að heimila aukið byggingamagn á lóðum. Byggja má 180 m<sup>2</sup> frístundahús og 25 m<sup>2</sup> gestahús, með fyrirvara um að nýtingarhlutfall fari ekki yfir 0,3%.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2006.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Búrfells I, svæði 2 Grímsnesi.*  
Breytingin felst í að heimila aukið byggingamagn á lóðum. Byggja má 180 m<sup>2</sup> frístundahús og 25 m<sup>2</sup> gestahús, með fyrirvara um að nýtingarhlutfall fari ekki yfir 0,3%.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2006.
6. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kringlu II, Grímsnesi, (1. áfangi).*  
Breytingin felst í að heimila aukið byggingamagn á lóðum. Byggja má 300 m<sup>2</sup> hús og 40 m<sup>2</sup> aukahús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 12. júní 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**